

# ***DRAUGANET***

***Leikdans***

***eftir***

***Benóný Ægisson***

1.4.2016



**PERSÓNUR:**

*HÚN*                      *Álitsgjafi*  
*Venjuleg stelpa*  
*Gugga systir*  
*Dansmær*  
*Fyrirsæta*  
*Djókari*

*HANN*                      *Dægurlagasöngvari*  
*Nefndarformaður*  
*Stórkarl*  
*Knattspyrnuáhugamaður*  
*Sjómaður*  
*Húsvörður*

**HÖFUNDUR****SVIÐIÐ:**

*Sviðið er leikhús*

**ÞAU:**

*HÖFUNDURINN lætur hugann reika og upphugsar nýjar leikpersónur*

*HANN og HÚN eru hugarfóstur HÖFUNDARINS*

*Minnst þrjá leikdansara þarf til að flytja verkið en hlutverkum HANS og HENNAR má skipta upp á milli fleiri leikara*

HÚN - Álitsgjafinn

...

É...

Ég...

Ég er...

Er...

Ég er...

..kolgeit..

..kolgeit-kona

Ég er kolgeit-kona

Já

Ég er semsé kolgeit-kona  
þegar öllu er á botninn hvolft

Þó ég sé í eðli mínu nýjungagjörn  
þá hef ég aldrei komist yfir fyrstu upplifunina af kolgeiti  
sem eru auðvitað eðlileg áhrif velheppnaðrar vöru  
hæfilega bragðmikið  
viðurkennt af bandaríska tannlæknafélaginu  
og í fararbroddi í hönnun notendavænna umbúða  
já  
mér fyndist það jaðra við svik ef ég...  
já  
maður á að vera hæfilega nýjungagjarn...  
en ekki gleypa allt hrátt

Ég segi það bara eins og það er  
og skammast mín ekkert fyrir það:  
Ég  
er kolgeit-kona

Til að fyrirbyggja allan misskiling  
vil ég taka fram að staða mín leyfir ekki fordóma  
Þegar ég tekst á við hlutverk mitt  
gleymi ég öllum fyrirframgefnum forsendum  
ég stíg út úr líkamanum  
og verð holdtekinn draumur hvers framleiðanda:  
Hinn galopni neytandi

Vissi aldrei hvað ég átti að verða  
 var aldrei með neina drauma  
 þanniglagað  
 langaði aldrei að verða neitt  
 druslaðist í gegnum skóla  
 svona  
 hinn dæmigerði meðalnemandi  
 aldrei beint í fallhættu  
 né hætti á að skara framúr  
 fann mig eiginlega aldrei í neinu  
 ekki svo að skilja að það væri nein þörf á því  
 að ég yrði eitthvað  
 við eigum skítnóga peninga

En ég hef alltaf haft gaman að því að versla

...

nei það er ekki rétt  
 ég hef alltaf verslað af ástríðu

Ef mig vantar eitthvað  
 þá má bóka það  
 að áður en langt um líður  
 á ég allt sem er á markaðinum  
 sko ef eitthvað sniðugt kemur  
 þá eignast ég allar gerðir  
 alla liti  
 og svo alla fylgihlutina  
 ég elska fylgihluti  
 ég meina  
 rís mannsandinn nokkursstaðar hærra  
 en í hönnun fylgihluta?  
 þessi tæra snilld  
 að gera eitthvað ómissandi  
 sem maður hafði ekki grun um  
 að mann vanhagaði um

Maður verður að fylgjast með  
 skilurðu  
 það er forsendan  
 fyrir tilvist nútímakonunnar

Mörgum finnst það kannski undarlegt  
 að einhver kaupi tuttugu ermastrauborð  
 svo ég taki dæmi  
 ég er ekki að segja að ég eigi tuttugu ermastrauborð  
 þetta er bara svona dæmi  
 byggt á ímyndaðri forsendu  
 og algjörlega án stoðar í raunveruleikanum  
 en ég er bara svona

ég þarf að geta borið saman  
 ég meina  
 það er ekki auðvelt  
 að vera neytandi í nútíma markaðskerfi  
 í alfrjálsu upplýsingasamfélagi  
 og hafa það stöðugt á tilfinningunni  
 að maður sé að missa af einhverju

Ég hef alltaf haft næma tilfinningu fyrir þessu  
 ég meina  
 löngu áður en ég varð álitsgjafi  
 þá var ég farin að þæla í þessu  
 til dæmis:  
 Hvernig er vel samansett innkaupakarfa?

Ég meina auðvitað innihaldið  
 ekki körfuna sjálfa

Ég var farin að skoða í körfurnar hjá fólki  
 tegundirnar  
 litasamsetninguna  
 merkjaúrvalið  
 og ég var bara orðin nokkuð nösk  
 á að reikna út persónuleika fólks  
 stétt þess og stöðu  
 menntun og efnahag  
 ég þurfti bara að líta einusinni á innihaldið í körfunni  
 og þá vissi ég allt um viðkomandi  
 bókstaflega allt

Þessi hæfileiki minn..  
 Ég sannreyndi hann í mörgum tilfellum  
 leit fyrst á körfuna og las hana  
 leit síðan á eigandann  
 og sannreyndi niðurstöðuna  
 Þessi hæfileiki minn gerði mér ljóst  
 að í körfunni er manneskjan nakin  
 persónuleikinn á úthverfunni..  
 í nútíu og níu prósent tilfella hafði ég rétt fyrir mér  
 Ég var eiginlega fullnuma álitsgjafi  
 og enginn vissi það  
 allrasíst ég  
 og það var fyrir algjöra tilviljun að það uppgötvaðist

Sko  
 þetta fór eiginlega úr böndum hjá mér  
 fór úti hálfgerða vitleysu  
 ég fór nefnilega..  
 ef ég sá körfu sem var flottari en mín þá..

ég gat bara ekki að þessu gert  
 áður en ég vissi af þá var ég búin  
 að taka hana og keyra í burtu  
 skildi mína bara eftir  
 og yfirleitt þá bara keyrði ég þær aðeins  
 þú veist..  
 fá að taka aðeins í  
 skildi þær svo eftir einhversstaðar  
 og fór svo og náði í mína svo lítið bar á

En svo var það einusinni  
 ég meina það var svo æðisleg karfa  
 hún var..  
 nei það er ekki hægt að lýsa henni  
 hún var bara fullkomin  
 öll réttu merkin  
 tískulitirnir í ár  
 allt alveg æðislega smekklegt  
 en samt ekki nauðsynlega það dýrasta  
 og ég bara stóðst hana ekki og fór með hana að kassanum  
 og þar sem ég er að borga stendur ekki maðurinn þar  
 og krefst þess að fá skýringu  
 og ég verð bara eins og padda  
 og brotna alveg saman  
 og verslunarstjórinn kemur  
 og þeir leiða mig inná skrifstofu  
 þeir héldu auðvitað að ég væri brjáluð  
 en strangt tiltekið þá var ég ekki að gera neitt ólöglegt  
 ég borgaði jú fyrir vöruna  
 en ég var alveg í mínus  
 og bara segi þeim upp alla söguna  
 og verslunarstjórinn varð alveg brjálaður  
 enda ekkert skrítið  
 ég meina svona gerir maður ekki  
 ég meina ef allir gerðu svona  
 þá myndi það rústa hagkerfinu  
 en hinn  
 þessi sem átti körfuna  
 hann varð áhugasamur  
 og fór að spyrja mig eftir hverju ég færi þegar ég veldi körfurnar og svoleiðis  
 og ég útskýrði það fyrir honum  
 og þetta hafði þau áhrif á hann að hann bauð mér vinnu  
 hann átti semsé svona almannatengslafyrirtæki  
 svona ráðgjöf og markaðsrannsóknir  
 og hann sagði að ég væri einmitt manneskjan  
 sem sig vantaði til að vera álitgjafi hjá sér

Það er nú einu sinni starf mitt:  
 Ég er álitgjafi

og í því hlutverki er ég ísköld  
 hlutlaus  
 hinn galopni neytandi  
 og gleymi því  
 að ég  
 er kolgeit-kona

## HÖFUNDUR

**am**

hvað skal gera? hvað skal segja?

**dm**

hvernig er best að elta uppi

**E**

sjálfan sig og sjálfhverfnina

**am**

sjálfsblekkinguna?

hvað er það sem lýsir best  
 tilveru og tilgangsleysi  
 tilvistarkreppunni  
 tillanum öllum?

svo uppfullur af  
 óðri þörf  
 æði búð úr búð  
 í æðisgenginni leit að..  
 nei

líki eftir hreyfingum  
 í líkamsræktarstöð  
 ég geng og ræ og hjóla  
 en ég hreyfist ekki úr stað  
 nei

og börnin mín  
 of feit of virk  
 sykursæt og bólusett  
 uppfull af vítamínum  
 rítalínum

í kapphlaupi  
 þar sem þeir sem koma  
 fyrstir í markið tapa  
 er ástæða til að lýsa þessu lífi?

HANN - Dægurlagasöngvari  
 Siggga sparkaði mér út áðan  
 hah  
 bjóst svo sem við því

það var allt búið hvort sem er  
 var svo sem aldrei neitt neitt  
 ef út í það er farið  
 hah  
 en ég á eftir að sakna krakkanna hennar  
 ...  
 ég meina það

Svo..  
 ég býst við að nú hafi ég góða ástæðu  
 til að drekkja sorgum mínum  
 hah  
 verst að ég má ekkert drekka lengur  
 lifrin skilurðu  
 hætti að ráða við þetta  
 hah  
 fór á Vog  
 Staðarfell  
 allan hringinn  
 ekki smakkað dropa síðan  
 sakna þess ekki  
 ...  
 nei í alvörunni

Nei  
 ég lýg því  
 langar alltaf í glas  
 en læt það ekki eftir mér  
 þó ég þoli ekki að vera edrú innan um fullt fólk

Horaðist þegar ég hætti að drekka  
 lúmskur sykurrinn í víninu  
 hleðst utan á mann  
 fór allt þegar ég hætti  
 og fólk fór að horfa á mig  
 eins og það kannaðist við mig  
 en kæmi mér ekki fyrir sig  
 í stað þess að horfa á mig og hugsa:  
 Þarna er þessi!  
 hroðalega er maðurinn orðinn feitur

Ókei  
 ég hef alltaf verið feitur  
 ég var akfeitt barn  
 sá sem foringjarnir kusu síðastan í liðið  
 alltaf síðastur  
 alltaf síðastur í öllu:  
 Þið fáið hann  
 haha



hlakkandi eins og þeir hefðu fengið mark í forgjöf  
endaði með því að ég hætti að sækjast eftir því að vera með  
og varð auðvitað ennþá feitari fyrir vikið

Það er merkilegt að þó maður verði mjór  
þó maður minnki um fjölmörg númer  
þá heldur maður áfram að hugsa feitt  
ég meina:  
skyldi ég komast þarna í gegn?  
er þetta of þröngt fyrir mig?  
vera alltaf að skáskjóta sér í aðvífandi þrengslum  
þó maður viti að það hefur enga þýðingu  
þegar maður er jafnbreiður á þykktina og þverveginn

Ég held meira að segja að ég haldi áfram að ganga í fötum  
sem ég ímynda mér að klæði af mér spikið  
þó ég sé ekkert feitur lengur

Þetta er bara ég  
hah  
bara ég  
óvirki fituhlunkurinn!

Hitti Siggu í meðferðinni  
og gerðist meðvirkur með henni  
þoldi hana aldrei í raun og veru  
því hún er ömurleg manneskja  
þó hún eigi yndisleg börn  
Hún er ein af þessum ölkum  
sem ættu að drekka  
því þá hefði hún  
að minnsta kosti þá afsökun  
að hún hefði verið full  
Þegar hún er edrú hefur hún enga

Ég sakna barnanna hennar  
það er einhvern veginn orðið of seint  
að koma sér upp sínum eigin  
hafði einhvern veginn aldrei tíma til þess  
frægðin og allt það  
frægðin já  
helvítis frægðin  
hah  
það var nú meira helvítis helvítið

Já  
hvers virði er mér eiginlega frægðin?  
hvers virði er hún?

Þegar glöggskyggt fólk sér glitta í  
 feitlagna dægurlagasöngvarann  
 á bakvið gervi ófullu horgrindarinnar  
 man það nefnilega  
 að það ætlaði aldrei að fyrirgefa mér  
 að ég fékk ekkert stig í júróvisjón

Það eru bara börnin  
 sem vita ekki hver ég var

HÚN - Álitsgjafi  
 É...

HANN – Dægurlagasöngvari  
 Uss.

HÚN - Álitsgjafi  
 Ég...

HANN – Dægurlagasöngvari

Uss!

HÚN - Álitsgjafi  
 Ég er...

HANN – Dægurlagasöngvari  
 Ég sagði uss!

HÖFUNDUR

**am am am7 am**

ég er ekki maður sem

**C G F C**

byrjar búskap sinn á því

**am am am7 am**

að kaupa ótal kampavínsglös

**C G F am**

og fagna framtíðarsigrunum

með kárahnjúk í hjartanu  
 kröflueld í höfðinu  
 fiskveiðkvóta í þörmunum  
 og suðurlandskjálfta í örmunum

á mér brennur ekki nein  
 frægð í 15 mínútur  
 mér dugar ekkert minna en  
 1000 ára ríki og ódauðleiki

en eftir mér rennur efinn skjótt  
er öll mín ganga feigðarflan?  
erindi mitt óljóst - týnt  
er einhver hér sem skilur mig?

HÚN – Venjuleg stelpa  
Það er ekkert merkilegt við mig  
ég er bara venjuleg stelpa  
bara ógeðslega eitthvað svona  
venjuleg  
ég vinn hérna í sjoppunni  
og svo skúra ég part hérna á kvöldin  
ég vil svona frekar gera það á kvöldin  
þá er betra að fá pössun  
og ég þoli ekki að vakna snemma á morgnana  
eiginlega um miðja nótt  
sérstaklega ekki á veturna  
þegar það er kalt  
og dímmt  
og ógeðslegt  
og allt frosið  
eða í brimsöltu slabbi  
og maður með hor

Það byrjaði að koma til mín  
svona..  
fyrst lágt og ógreinilega  
svona eins og svona..  
muldur inni mér  
ógeðslega lágt eitthvað og óskýrt  
en smám saman svona..  
greindi ég orðaskil  
sem voru þó engin orðaskil  
því þetta var svona..  
alltaf sama orðið  
já  
alltaf sama orðið  
fyrst lágt  
og svo  
svona..  
svona hærra  
og hærra  
svona með  
vaxandi  
styrkleika:  
bjúsi  
bjúsi  
bjúsi  
bjúsi

bjúsi!  
 bjúsi!  
 bjúsi!  
 bjúsi!  
 BJÚSI  
 BJÚSI  
 BJÚSI  
 BJÚSI  
 BJÚSI!  
 BJÚSI!  
 BJÚSI!  
 BJÚSI!

þangað til það vall fram eins og fljóðbylgja  
 með ærandi hávaða  
 sem ætlaði að gera mig geðveika:  
 BJÚSI! BJÚSI! BJÚSI! BJÚSI!  
 og ég skildi ekkert í því  
 hvert þessi rödd innan í mér var að fara  
 eða hvað hún var að reyna að segja mér

Því Bjúsi er ekkert orð  
 allavega ekki á íslensku  
 eða ég hafði aldrei heyrt það fyrr

En svo rann það upp fyrir mér  
 og ég get svarið það  
 að mér rann kalt vatn  
 milli skinns og hörunds

Þetta var svona..  
 svona látinn maður að vitja nafns

Það er eina skýringin á þessu

Ég veit vel að Bjúsi er ekkert nafn  
 en það getur vel verið gælunafn  
 og ég þekki stráak sem heitir Gummi  
 hann heitir ekki Guðmundur og er kallaður Gummi  
 hann var skírður Gummi eftir frænda sínum  
 sem öllum þótti svo vænt um  
 og fór í sjóinn

En hvað er hann að vitja nafns hjá mér?  
 hugsaði ég  
 manneskju sem er ekki einusinni ólétt?  
 hélt ég þá  
 Hversvegna fer hann ekki eitthvað annað?

Mér fannst þetta líka soldið..  
 eitthvað svona..  
 ég meina..  
 svona strangt til tekið var hann draugur  
 steindauður og allt það

En auðvitað vandist þetta  
 eins og allt annað

Þetta er búið að vera ógeðslega erfitt fyrir mig  
 ég verð að segja það  
 sérstaklega núna  
 ég hef aldrei staðið upp áður  
 og talað við svona margt fólk í einu  
 einusinni talaði ég reyndar á AA-fundi  
 en það var allt öðruvísi og ekki svona margir

....  
 hei!  
 ég er ekkert svona..  
 alki eða fíkill eða neitt  
 ef það er það sem þið haldið  
 neei  
 ég fór bara í meðferð af því allir aðrir voru að fara  
 ég er ekkert með ofskynjanir eða svoleiðis

Mér langaði bara til að segja frá þessu  
 ef þetta gæti verið svona..  
 einhverjum til gagns  
 ég meina..  
 kannski eru einhverjar aðrar stelpur  
 svona venjulegar eins og ég  
 að heyra eitthvað muldur  
 eða svona..  
 háværar raddir innan í sér  
 sem tönnlast á einhverri merkingarleysu  
 og stelpurnar halda að þær séu að verða geðveikar  
 og gera sér ekki grein fyrir því  
 að einhver er að vitja nafns

Og svo eru það auðvitað þeir  
 sem láta sér ekki nægja að vitja nafns  
 heldur vitja líka barns

En maður er svosem í sömu stöðu  
 og svo margar einstæðar mæður

Við Bjúsi litli höfum það bara fínt

## HÖFUNDUR

**gm**

orð

**Es**

orð

**Cdim**

orð yfir allt

**D**

orð

orð yfir allt sem er hugsað hér  
 endalaust orðagjálfur  
 viðstöðulaus vaðall  
 löðrandi hafsjór af þvaðri

og svo  
 öll hin orðin  
 óhugsuðu orðin  
 vanhugsuðu orðin

þau vella fram  
 kaffæra mig  
 toga mig niður  
 niður niður

niður á botninn  
 þar til ég drukkna  
 drukkna í díki  
 orðanna

orð  
 orð  
 orð yfir allt  
 orð

HANN - Nefndarformaður  
 Þegar kemur að nefndarstörfum  
 kalla ég ekki allt ömmu mína  
 Ég hef meðal annars verið í búfjárveikivarnarnefnd  
 og margur kjúklingurinn hefur fallið  
 í valinn að fyrirmælum mínum  
 því þegar almannahagsmunir eru í húfi  
 er ég algjörlega miskunnarlaus  
 algjörlega miskunnarlaus

Ég get sagt þér það að það er ekkert auðvelt  
 að vera hataðasti maðurinn í norðurausturkjördæminu  
 en ég er eins og klettur - mér verður ekki haggð  
 mér verður ekki haggð

En ég verð að viðurkenna  
að ekkert hefur reynst mér erfiðara  
en seta mín í mannanafnanefnd

Ég var meðvitaður um  
að við búum í fjölmenningslegu samfélagi  
að það er tilgangslaust að berja höfðinu við steininn  
að við getum ekki haldið fram sömu hreitungustefnu og á síðustu öld  
Já ég veit að þeir dýrðardagar þegar við höfðum algjört vald eru liðnir  
og nú getum við í besta falli haldið í hemilinn

Það er nú það  
og þannig var nú það  
ég gerði mér engar grillur  
en var samt tekinn í bólinu  
þegar Herdís Hörn  
varð á vegi mínum  
með sitt einstæða erindi

Já sitt einstæða erindi

Dætt Kók  
Dætt Kók!

Já ég sagði dætt kók  
og það er von að þú hváir  
og viljir frekari skýringar  
Það vildum við líka  
í mannanafnanefndinni

Hún hélt því semsé fram blessunin  
að það - það er að segja "diet" kókið  
hefði grundvallað hamingju hennar  
og vegna þessa iðnvarnings  
sem ég er ekki að kasta neinni rýrð á  
hefði hún lést um átján kíló  
og því vildi hún að barnið...

Já..

Dætt er ekki ósvipað hinu ágæta kvenmannsnafni Bríet  
og Kók mætti beygja eins og Rós og þá félli nafnið  
ágætlega að íslensku beygingakerfi:  
Hér er Dætt Kók  
um Dætt Kók  
frá Dætti Kók  
til Dættar Kókar  
Semsé ásættanlegt  
í það minnsta

hefði nefndin  
 ekki gert athugasemdir  
 því hún var til alls vís  
 meira að segja fara með málið  
 í fjölmiðla til að sýna einusinni enn  
 frammá afkárlega nesjamennsku nefndarinnar

Það var bara verkurinn  
 að Dætt Kók var ekki stúlka  
 sem gæti beygst eins og Bríet Rós  
 heldur drengur og aukinheldur  
 Dætt með tveimur téum  
 hér er Dætt Kók  
 um Dætt Kók  
 frá Dætti Kóki  
 til Dæts Kóks  
 og henni varð ekki haggð  
 ekki einusinni þegar við tengdum nafnið  
 Til dæmis:  
 Viltu snýta Dætti Kóki?  
 Henni fannst það bara flott  
 en sagðist sjálf geta snýtt sínum börnum  
 og myndi ekki biðja vandalausá um það

Margri svefnlausri nótt eyddi ég  
 í leit að lausn á þessu máli  
 og auðvitað datt ég niður á hana  
 óforvarindis og af algjörrri tilviljun  
 en ég þakka það þekkingu minni á hliðrænni hugsun  
 sem ég lærði á námskeiði í Kuala Lumpur  
 árið þegar Suðurlandsskjálftinn reið yfir

En það var langur vegur frá því að finna lausnina  
 og þess að sannfæra Herdísu Hörn um ágæti hennar

Ég reyndi að leiða henni fyrir sjónir  
 að það kæmi í sama stað niður  
 að heiðra framleiðandann  
 og iðnvarninginn  
 og að við í nefndinni  
 gætum fallist á slíkt nafn  
 eða afleiddar myndir þess  
 og á endanum náðum við lendingu  
 sem allir gátu sætt sig við  
 en það verð ég að segja  
 að ná samningum við bónda um slátrun  
 á þúsund kamfílóbacterskjúklingum  
 hefði verið barnaleikur miðað við  
 þessar samningaviðræður



og ég var nánast fluttur inn  
 hjá henni Herdísi Hörn undir lokin  
 og hún tók allan minn tíma

En semsé  
 drengurinn heitir Vífill Heiðar  
 og við erum ósköp hamingjusöm  
 Hún kallar mig nefndarformanninn sinn  
 og við erum að hugsa um að bæta við börnum  
 við fyrsta tækifæri  
 En ekki strax  
 fyrst verð ég að safna kröftum

HÚN – Venjuleg stelpa  
 En börnin heita ekki sama nafni

HANN - Nefndarformaður  
 Börnin? Hvaða börn? Sama nafni?

HÚN – Venjuleg stelpa  
 Já. Var þetta ekki sama konan?

HANN - Nefndarformaður  
 Sama konan og hver?

HÚN – Venjuleg stelpa  
 Sú sem ég var.

HANN - Nefndarformaður  
 Hér er enginn neitt.

HÚN – Venjuleg stelpa  
 Enginn?

HANN - Nefndarformaður  
 Áttu að segja þetta?

HÚN – Venjuleg stelpa  
 Ég veit það ekki. Ég sagði það bara.

HANN - Nefndarformaður  
 Hér er munur á því sem maður segir og því sem maður á að segja.

HÚN – Venjuleg stelpa  
 Sem maður á..?

HANN - Nefndarformaður  
 Já, það er grundvallaratriði.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Bíddu við. Ég er ekki alveg að...

HANN - Nefndarformaður  
Þú verður að læra að gera greinarmun á þessu.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ég verð nú bara að viðurkenna...

HANN - Nefndarformaður  
Þetta var hann.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Hann? Nú hann! Hann hver?

*Hann horfir á Hana með ódulinni fyrirlitningu.*

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ó! Ó! Ó hann! Já ég skil.

HANN - Nefndarformaður  
Hvað þykist þú skilja? Hefurðu einhverjar forsendur til þess? Hefur þú einhverja þekkingu? Hefur þú einhverja reynslu?

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ég? Neinei. Alveg laus við það. Ég er sko eiginlega alveg nýbyrjuð.

HANN - Nefndarformaður  
Viðvaningur! Ekki innistæða fyrir neinu!  
*Ísköld hlaðin þögn*  
Sko.. sjáðu til. Hér segjum við það sem við eigum að segja og bara þegar það á við.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ég bara vissi ekki að hann.. að ég... að þú... að við...

*Þagnar*  
Ert þú búinn að vera hérna lengi?

HANN - Nefndarformaður  
“Ert þú búinn að vera hérna lengi?” Hvað kemur þér það við? Myndirðu hlusta á mig ef svo væri eða viltu bara að ég gefi frá mér ánægjuleg hljóð svo ég setji ekki þessa litlu paradís okkar á annan endann? Gætirðu tekið því að ég segðist hafa verið hér allt of lengi og að mér liði hörmulega? Ha? Gætirðu tekið því?

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ég...

HANN - Nefndarformaður  
Ha? Gætirðu það?

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ég...

HANN - Nefndarformaður  
Spurðu mig aftur.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Spyrja þig aftur?

HANN - Nefndarformaður  
Já. Spurðu mig núna hvernig mér líður.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Allt í lagi. Hvernig líður þér?

HANN - Nefndarformaður  
Mér líður hörmulega þakka þér fyrir.

*Þögn*  
Hvað segirðu við því?

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ég...

HANN - Nefndarformaður  
Hefurðu einhvern áhuga á því að fræðast hjá þeim sem hafa reynsluna eða spurðu bara til að segja eitthvað? Hefurðu eitthvað til málanna að leggja, viðvaningur? Ha?

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ég spurði bara.

HANN - Nefndarformaður  
“Ég spurði bara.” Ég skal svara þér. Ég skal sko svara þér. Ég skal segja þér það. Ég er búinn að vera hérna mjög lengi. Mjög mjög mjög lengi. Allir aðrir koma og fara. Nema ég. Ég er alltaf hérna.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Það hlýtur að vera...

HANN - Nefndarformaður  
Já vertu ekki að gera þér upp samúð, titturinn þinn. Hversvegna ættir þú að hafa samúð með mér? Þú þekkir mig ekki neitt.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Finnur hann ekkert fyrir þig?

HANN - Nefndarformaður  
Finnur? Finnur?! Fyrst þú ert svona fróðleiksfús, tittur, þá get ég sagt þér að hann reynir mig stöðugt.

HÚN – Venjuleg stelpa  
En ekkert.. ekkert gengur?

HANN - Nefndarformaður  
Nei.

*Pögn.*

HÚN – Venjuleg stelpa  
Hann finnur eitthvað handa þér.

HANN - Nefndarformaður  
“Hann finnur eitthvað handa þér”. Bíddu bara. Bíddu þangað til hann fer að gera tilraunir á þér. Sjáum til hvernig þér líkar það.

*Pögn.*

HÚN – Venjuleg stelpa  
Hvað gerum við núna?

HANN - Nefndarformaður  
Við bíðum. Við látum þetta yfir okkur ganga.

HÚN – Venjuleg stelpa  
En..

HANN - Nefndarformaður  
Hefur þú einhverja betri hugmynd?

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ja ég..

HANN - Nefndarformaður  
Tittur! Viðvaningur!

HÚN – Venjuleg stelpa  
Neinei. Ég hef enga betri hugmynd.

HANN - Nefndarformaður  
Þá bíðum við.

*Pögn.*

HÚN – Venjuleg stelpa  
Þurfum við að bíða lengi?

HANN - Nefndarformaður  
Bíða! Bíða! Bíða! Bíða og bíða.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Hvað..?

HANN - Nefndarformaður  
Bíða.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Geturðu..?

HANN - Nefndarformaður  
Bíða og bíða.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Geturðu ekki sagt mér hvað við þurfum að bíða lengi?

HANN - Nefndarformaður  
Bíða. Bíða bíða bíða.

*Þögn*

Ánægjulegt hvað þú er fróðleiksfús, tittur.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ha ég? Já ég...

HANN - Nefndarformaður  
Bíða bíða.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ég...

HANN - Nefndarformaður  
Það er misjafnt hvað þarf að bíða. Stundum dögum saman.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Já, er það svona lengi?

HANN - Nefndarformaður  
Ég veit það ekki. Bíða bíða. Hann er ekki almáttugur.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Víst er hann það. Er það ekki?

HANN - Nefndarformaður  
Þykist þú vita allt, tittur?

HÚN – Venjuleg stelpa  
Ég? Nei ég..

HANN - Nefndarformaður

Stundum fálmar hann bara út í loftið í blindni og er jafnráðvilltur og allir aðrir. Það er fátt máttugt við hann þá.

HÖFUNDUR

**A** **em**  
með höfuðið fullt af hugsunum

**A**  
sem skjótast sem þjóta

**em**  
sem brjóta sér leið

**F#m** **G**  
hraðar en hönd á festir

**A**  
hægiði á

með höfuðið fullt af fólki  
sem streðar sem treður sér  
veður yfir mig  
hvað vill það mér allt þetta fólk?  
vægiði mér

með höfuðið fullt af heiminum  
guði og himingeiminum  
höfuð mitt er að springa  
fariði út

HÚN – Gugga systir  
Sigga systir..  
Sigga systir var..  
var..  
Sigga systir var pottþétt

Nei  
Hún var ekki pottþétt  
það nær henni ekki nærri því alveg  
Sigga systir var til fyrirmyndar

Hún leit alltaf út  
eins og hún færi fjórum tímum fyrr á fætur en allir aðrir  
í morgunsárið var hún alltaf  
eins og hún hefði verið lengi á fótum  
og nýtt tímann vel  
svona vel til höfð  
og vel vakandi  
og vel snyrt  
og vel..

Hún var alltaf á réttum stöðum  
 alltaf á réttum stöðum  
 alltaf nema..  
 nema..  
 nema þegar hún var á leiðinni þangað

Hún átti æðislegan mann  
 og unaðsleg börn  
 alveg ógeðslegar dúllur  
 og hund með merkilegri ættartölu en hún sjálf  
 þótt ótrúlegt megi virðast

Sigga systir gerði allt rétt  
 og það þoldi hana enginn

Leyfðu mér að segja þér frá Siggu systur:  
 Sigga systir var fyrsta konan á Íslandi til að ganga í fótlega skóm  
 Sigga systir hafði lífrænt ræktaðar paprikur í blómapottunum  
 löngu áður en fólk fór almennt að borða papriku  
 Sigga systir varð íslandsmeistari í þrístökki meyja  
 söng millirödd sem var fræg um allt miðhálandið  
 og hafði alltaf pönnukökudeig í frystinum  
 til að bregða í örbylgjuna  
 ef einhver kynni að reka inn nefið

Sigga systir reykti aldrei og drakk bara þetta eina sinn  
 kampavínsglasið í brúðkaupinu sínu  
 sem hún kláraði ekki einusinni  
 (Fannst það vont sagði hún  
 skildi ekkert í því  
 hvernig fólk gat látið þetta ofan í sig  
 fannst það minna sig mest á mysu  
 nema hvað  
 mysu gat maður þó notað  
 til að sjóða fisk  
 þetta glundur var varla brúklegt til þess)

Og Sigga systir átti  
 ásakandi augnaráð  
 við öll tækifæri

Mikið andskoti var hún alltaf nösk  
 á að spotta það hvað maður var ósiðaður  
 ósamkvæmur sjálfum sér  
 og mikill aumingi yfirhöfuð  
 En hún hafði auðvitað efni á því  
 eins fullkomin og hún var  
 Hún Sigga systir

Og heyrðu  
 þegar hún var búin að lifa svona kórrétt  
 í áratugi  
 heldurðu að hún fái ekki bara krabba  
 og drepist  
 Það bjóst enginn við því  
 ekki nokkur maður  
 nei  
 alls enginn  
 og eiginlega finnst mér stundum  
 að hún hafi svindlað á mér bölvuð

Ég er eiginlega alveg viss um  
 að hún drapst úr krabba  
 bara til að skapauna mér  
 ég þori að hengja mig uppá það

Hvað hún gat verið helvíti þjáð  
 og látið mig fá ógeðslegt samviskubít  
 yfir því að ætla að lifa dauða hennar af  
 (Viltu líta eftir englunum mínum Gugga mín?  
 og vertu góð við hann Valda  
 hann veit öruggleg ekkert  
 hvernig hann á að vera  
 þegar ég er farin)

Það var einmitt það  
 hvað hann vissi ekki  
 hvernig hann ætti að vera  
 Hún var varla orðin köld í gröfinni  
 þegar hann var búinn að negla mig  
 eða ég hann  
 eða hvernig sem það nú var  
 það er ekkert sem gerir menn eins graða og dauðinn

Þannig er nú það  
 og ég reyni að hugsa sem minnst um hana

En einhversstaðar  
 einhversstaðar er hún bölvuð  
 einhversstaðar á hárréttum stað  
 með áminnandi vísifingur á lofti  
 En þangað kemst ég sem betur fer aldrei  
 því ég er svo mikill bölvaður aumingi  
 og læt alla ósiði eftir mér

Já er ekki sagt  
 að eins dauði sé annars brauð?  
 En ég verð nú að viðurkenna



að ég veit ekki hver á hvað  
eða hvað er hvurs  
eða hvað yfirhöfuð á við núna

Nú jæja  
ég er eiginlega að hugsa um  
að skola þessu feita kjöti niður  
með brennivíni og kenna svo englunum  
hennar Siggju systur óbeinar reykingar  
áður en ég fer upp að ríða manninum hennar

HÚN – Venjuleg stelpa  
Var þetta ekki eitthvað? Var þetta persónan mín?

HANN - Nefndarformaður  
Það þarf ekki að vera.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Hún var óhamingjusöm þó hún bæri sig vel.

HANN - Nefndarformaður  
Vertu ekki að ergja þig á því sem gerist. Það sem gerist skiptir engu. Bara það sem er.  
Eða verður. Eða.. eitthvað.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Það hlýtur að vera einhver tilgangur með þessu.

HANN - Nefndarformaður  
Hann er bara að prófa sig áfram.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Nei, ég er ekki að tala um það. Ég meina.. Tilgangur með veru okkar hérna.

HANN - - Nefndarformaður  
Auðvitað er tilgangur með henni. Við erum að bíða eftir því að komast áfram.

HÚN – Venjuleg stelpa  
Já. En er ekki einhver æðri tilgangur? Með öllu saman. Hver skapaði þetta allt?

HANN - Nefndarformaður  
Nú, hann.

HÚN – Gugga systir  
En hver skapaði hann?

HANN - Nefndarformaður  
Skapaði hann? Ætli við höfum ekki bara gert það? Stundum efast ég meira að segja  
um að hann sé til.

HÚN – Gugga systir  
Víst er hann til. Annars værum við ekki hér.

HANN - Nefndarformaður  
Ertu viss um að við séum hér? Gætum við ekki verið einhversstaðar annarsstaðar að leika að við værum hér? Eða verið einhver önnur að dreyma að við værum við? Eða, gætum við ekki verið einhver önnur að dreyma að við værum að leika að við værum við og værum hér?

HÚN – Gugga systir  
Jú það getur vel verið.

HÚN – Venjuleg stelpa  
En við vitum ekki betur en að við séum hér og við verðum að bregðast við því. Og einhver þarf að skapa okkur.

HANN - Nefndarformaður  
Því þá það?

HÚN – Gugga systir  
Svo við verðum til, auðvitað.

HANN - Nefndarformaður  
Þú heldur að það sé þörf á því?

HÖFUNDUR

**D em**  
í öllu er falinn  
**G A**  
dálítill dauði

svo örlítill að í  
réttmældum skömmtum

framkallar hann  
algört ónæmi

fyrir sjálfum sér

HANN - Stórkarlinn  
Ég sagði honum það  
sagði honum það strax  
en hann vildi ekki trúa mér  
sagði honum að þetta væri bölvuð drusla  
sem færi í fimmtíuþúsund kílómetrana  
og svo bara...  
geim óver á mælinum  
en hann vildi ekki trúa því þessi hálfviti  
eða kannski var það bara níska

eða ræfildómur  
 hann hefur aldrei kunnað að hugsa stórt  
 og er alltaf að væla um blankheit  
 en hann getur sjálfum sér um kennt  
 að hanga hálfu ævina í skóla  
 til að komast í láglaunadjobb hjá ríkinu  
 ég meina  
 ég eyddi þar ekki stundinni lengur en ég þurfti  
 og ég eyði meira í hádeginu  
 en hann vinnur sér inn allan daginn

Nei  
 Það er ekkert smátt við mig  
 Ég læt sérsauma á mig smokka  
 í belgjagerðinni

Og hvað hann var helvíti sár  
 þegar við Gulla...  
 hvað hafði hann að gera með svona kvenmann?  
 mér er bara spurn  
 og allt er leyfilegt í ástum og stríði  
 ekki satt?

...  
 ekki satt?!  
 hún elskaði mig  
 andskotinn hafi það  
 hann átti ekki séns í hana  
 skilurðu?  
 æ  
 mér er andskotans sama hvað þér finnst

Það er ekkert smátt við mig  
 það er svo stórt undir mér  
 að ég lendi í erfiðileikum  
 þegar ég dansa kvikkstepp

Sá hann síðast uppi í garði  
 svona helvíti beygðan  
 svo sem ekkert...  
 Skömm að því að sjá  
 að hann gerir ekkert við leiðið  
 sami trékrossinn sem var settur upp þegar...  
 Minn er kominn með stein  
 marmara með englum og gylltum hörpum  
 Hvíl í friði  
 Hvíl í..  
 ...

Það er ekkert smátt við mig  
 Það er stærra undir mínum krossi  
 en hans...

Var alltaf á móti því að hann væri að hanga með honum  
 vissi alltaf að hann yrði lúser eins og pabbi hans  
 þetta eru víst allt erfðir  
 eigi má sköpum renna  
 og allt það  
 eða segir maður sköpun renna?  
 æ  
 það skiptir engu  
 það er ekkert smátt við mig  
 og ég tala vitlaust ef ég vill

Nei  
 hann vildi ekki trúa mér  
 hann vildi ekki trúa mér  
 hann vildi ekki...

Þarna situr hann  
 karlauminginn  
 og grenjar utan í fúinn trékross  
 og býst örugglega við að ég bjóði honum far  
 ...  
 Ætli ég verði ekki að gera það  
 ég get ekki horft uppá hann taka strætó  
 Hann verður auðvitað svo andskoti þakklátur  
 að ég æli yfir hann en auðvitað þarf hann  
 ekki að vera þakklátur því við eigum of  
 mikið sameiginlegt af því strákarnir okkar keyrðu  
 sig í klessu í sameiningu og við tölum ekki um  
 það hvor keyrði  
 eða hver átti..  
 eða hvað..  
 ...  
 nei  
 nei  
 nei  
 því  
 því það  
 því það er ekkert smátt við mig  
 það er ekkert smátt..  
 það er ekkert...

HÚN - Álitsgjafi  
 Berum við ekki svipmót skapara okkar?

HANN - Stórkarl

Það verður að teljast líklegt. Allir taka mið af því sem þeir þekkja.

HÚN - Álitsgjafi

Ef skapari okkar skapar okkur í sinni mynd erum við þá ekki skaparar líka?

HANN - Stórkarl

Þarf maður líka að sitja undir þessu kjaftæði? Eins og biðin sé ekki nógu slæm.

HÚN - Álitsgjafi

Mér þykir gaman að hugsa um þetta. Það eru svo margir fletir á tilverunni.

HANN - Stórkarl

Þvæla! Tilveran er eins og hún er og ekki öðruvísi. Það er margsannað.

### *Þögn*

HÚN - Álitsgjafi

En ef hún er ekki eins og hún er? Ef hún er einhvernveginn öðruvísi en við sjáum það ekki?

HANN - Stórkarl

Það skiptir engu. Við getum ekki flúið örlög okkar.

HÚN - Álitsgjafi

Höfum við þá ekkert frelsi til að velja?

HANN - Stórkarl

Nei! Hann velur fyrir okkur.

HÚN - Álitsgjafi

Þá verðum við að teysta því að hann velji vel.

HANN - Stórkarl

Heimur minn er hryggðarmynd og ber skapara sínum ekki fagurt vitni.

### HÖFUNDUR

**cm cm**

Lítu á brúðuleikarann

**C# cm**

við einmanalega iðju sína

**cm cm**

hafandi safnað þráðunum saman

**C# cm**

hverri hreyfingu er hlýtt

**fm fm**

Líttáann raða atburðum

**C# cm**

í óslitna samfellda keðju

**fm fm**

og áhrifalausar brúðurnar

**C# cm**

í söguþráðunum

Líttu á mannkynið

sjálfviljugt hengja sig

í stýristauma leikstjórans

leiksoppar aflsins ókunna

Skoðaðu andlit brúðunnar

líttu inn undir lakkið

hreyfingar hennar vélrænar

harmurinn takmarkalaus

Líttu á manninn að leik

ótamda hreyfingu barnsins

barnið tamið fullorðið

í leik við vélarnar

Skoðaðu jörðina harða og mjúka

lifandi leiktjald undir fótunum

Skoðaðu manninn á ásýnd jarðar

dansand í strengjunum

HÚN - Dansmær

Þegar ég stend fyrir framan þá..

þegar ég er að dansa skilurðu..

þá er ég þar.

Ég meina.. ég er ekkert að þykjast vera eitthvað annað

Ég er bara ég

Ég er ekki eitthvað sem er ekki til skilurðu.. ég meina.. í alvörunni.. ég er hérna og ég er að gera eitthvað og veistu hvað.. fólk.. auðvitað aðallega karlar.. vill horfa á mig

En er einhvern tímann allt sem sýnist?

Hei.. náðirðu þessum?: Er einhvern tímann allt sem sýnist!

Skilurðu.. svona eins og upp úr bók, maður, og..

Æ það skiptir ekki máli..

Ég meina.. sjáðu til dæmis Hollywood, það er bara skilti uppi í fjallshlíð skilurðu og það er gjörsamlega vonlaust að finna hana því hún er ekki til í alvörunni.. ég meina hún er ekki einusinni leikmynd skilurðu. Samt býr þarna fullt af fólki og það lifir bara þarna í einhverjum sýndarveruleika og gerir sér ekki grein fyrir því að bærinn er ekki til. Ég meina fólk les líka bækur og fer í bíó eða leikhús til að láta ljúga sig fullt. Ég meina sækir í það.. ég geri það sjálf. Ha?!

Þér finnst það ótrúlegt að ég hafi farið í leikhús ha?  
 Ekki týpan í það nei?  
 Nei nei. En ég hef sko farið  
 Tvisvar meira að segja  
 Fannst það hundleiðinlegt

Fyrst sá ég leikrit þegar ég var krakki  
 Einhverjir bangsar að tala saman og svoleiðis skilurðu. Ógeðslega heimskir.  
 Hundleiðinlegt.  
 Og hitt leikritið. Ömurlegt  
 Ég fór með Frikka

Nei. Þú veist auðvitað ekkert um Frikka  
 Það var kall sem ætlaði að frelsa mig þú veist  
 Láta mig fá íbúð og bíl og allt  
 Ég veit ekki í hvaða sýndarveruleika hann lifði

Allavega. Hann fór með mig á svona leikrit, sem átti að gerast í Englandi  
 einhverstaðar þar sem allir voru ekkert smámikið atvinnulausir skilurðu verksmiðjan í  
 bænum búin að loka skilurðu og allir eitthvað á ógeðslegum bömmur með  
 heróínsprautuna hangandi í handleggnum á sér og langar helst að drepa mömmu sína  
 eða eitthvað skilurðu og sá sem var aðal sem var með heróínsprautur hangandi úr  
 báðum handleggjum skilurðu það var einhver leikarasonur úr Þingholtunum skilurðu..  
 Ég meina er einhver sem tekur mark á svona? Ekki ég. Ég bara fór og.. engin íbúð -  
 enginn bíll

Ég meina.. hver hefur áhuga á svona?

Ókei. Ef þeir vilja búa til leikrit um eitthvað svona ömurlegt af hverju er þá ekki hægt  
 að gera það þannig að maður trúir því skilurðu? Ég meina við þurfum ekkert að fara til  
 Englands til að finna eitthvað ömurlegt skilurðu er ekki nóg af því hérna ha til dæmis  
 gæti það verið um einhvern strák sem er að selja krökkum landa og kannski eitthvað  
 fleira skilurðu og hann er kominn í svona heví neyslu og hittir stelpu sem er í heví  
 neyslu líka skilurðu og svo gerist eitthvað rosalegt þau drepa einhvern ömmu hennar  
 eða hvað veit ég eða eitthvað. Hann gæti skrifað þetta hann hérna hérna skáldið með  
 skeggið og gleraugun skilurðu hann er héðan og veit hvernig þetta er og svo væri hægt  
 að láta eitthvað brjáláð lið leika þetta skilurðu ég meina þau þyrftu ekki einusinni að  
 leika skilurðu. Myndi maður ekki frekar trúa þessu heldur en einhverju rugli úr  
 hálfvita úr hundraðogeinum sem ratar betur um París en Fellahverfið skilurðu?

Æ ég veit það ekki  
 Er þetta ekki alltsaman feik hvort sem er?  
 Ég meina..hvað erum við að gera hérna?  
 Núna.. meina ég  
 Ha?  
 Hvað erum við að gera?  
 Hver erum við?

HANN - Söngvari  
Ég er sá sem er alltaf strikaður út. Það er tilgangur minn.

HÚN – Gugga systir  
Þetta var ekki sama konan.

HANN - Söngvari  
Ha?

HÚN – Gugga systir  
Þetta var ekki sama konan.

HANN - Söngvari  
Hann er algjör vingull; hann getur ekki haldið heilli hugsun til enda.

HÚN – Gugga systir  
Hvað er hann eiginlega að fara? Hann er alltaf að breyta mér.

HANN - Söngvari  
Hann veit ekki hvort hann er að fara eða koma.

*Þögn.*

HÚN – Gugga systir  
Kannski er þetta bara rétt hjá þér.

HANN - Söngvari  
Hvað?

HÚN – Gugga systir  
Að hann sé ekki til.

HANN - Söngvari  
Ætli það. Það væri of gott til að vera satt.

HÚN – Gugga systir  
En ef hann er ekki til þá verðum við eiginlega að skapa hann.

HANN - Söngvari  
Nú?

HÚN – Gugga systir  
Svo hann geti skapað okkur. Við getum ekki verið vansköpuð hérna til eilífðarnóns.

HANN - Knattspyrnuáhugamaður  
Ef þú heldur að fótbolti sé leikur  
þá veistu ekki hvað fótbolti er  
þá hefurðu bara ekki hugmynd um það  
hálfvitinn þinn



Ónei  
 ónei kallinn minn  
 fótbolti er enginn andskotans leikur  
 fóltbolti er enginn andskotans kellingaíþrótt  
 fótbolti er uppá líf og dauða  
 fótbolti er stríð

Líttu á mig  
 skallann  
 klossana með stáltánni  
 fötin sem þú nærð ekki taki á  
 einstrengingslegar skoðanir mínar  
 tryggð mína við gömul fyrirlitin tákni  
 ég er viss um að þú getur skrifað um mig lærðar greinar  
 en ef þú hittir mig í dimmu húsasundi  
 þá er ég er viss um að þú skítur á þig  
 auminginn þinn

Ekkert af því sem þú trúir á kemur rassgat við mig  
 fáninn, þjóðsöngurinn, fjallkonan  
 ég vona að það fitti í görninni á þér  
 ég er hinn eini sanni bláklæddi drengur  
 bláminn er mitt föðurland og trúarbrögð  
 og ég skal ýta á eftir hinu draslinu með stáltánni

Ég er viss um að í tillærðum hroka þínum  
 áttu nákvæma skilgreiningu á mér  
 og mínum líkum  
 en það skiptir mig engu  
 fokk jú helvítið þitt  
 fokk jú  
 hvern djöfulinn heldurðu að þú sért?

Ég hef sé þig á vellinum  
 með son þinn  
 þið eitthvað að meilbonda  
 eiga gæðatíma saman  
 feðgarnir á vellinum  
 ég hef séð þig  
 þú hefur líka séð mig  
 en þú veist ekki að það var ég  
 og þú veist ekki að mig langaði til að lemja þig í hausinn  
 brjóta á þér hauskúpuna  
 hella úr henni heilagrautum  
 og ríða þér í augntóttirnar

Ég er viss um að þið haldið með Manchester United  
eða Liverpool  
einhverju helvítis hommaliði  
Nei nú veit ég  
þið eruð Tottar  
Þið eruð andskotans Júða-Tottar  
eða segir maður Tottarar  
það skiptir engu  
ég hræki í kókið ykkar  
ég míg á bakið á ykkur  
og æli yfir ykkur  
og sendi ykkur heim í sjúkrabíl

Sagði þeim þennan brandara úti  
fyrir leikinn á móti Tottunum  
áður en allt varð eins og það átti að vera  
og við urðum hermenn í heilögu stríði  
á móti öllum sem voru á móti okkur  
Tottarar totta skaufa  
það tapast reyndar mikið í þýðingunni  
en þeim fannst hann samt fyndinn  
hinum bláklæddu drengjunum  
þar sem við stóðum og drukkum bjórinn okkar  
og biðum þess að það yrði heilagt  
fullt af svita og blóði og reyk  
brotið og bramlað og hættulegt  
en léti okkur finna á eigin líkama  
svo ekki sé um að villast  
að við erum á lífi  
að við erum til

Já  
alveg rétt  
þér finnst ég koma óorði á fótboltann  
helvítis homminn þinn  
ógeðslegi júðadjöfullinn þinn  
afturúrkreistingur negrahóru  
þú skalt bara passa þig  
þú skalt bara passa þig  
ég veit hvar þú átt heima

Ég veit hvar þú átt heima

HÚN - Dansmær  
Þú ert alltaf svo oðboðslega reiður.

HANN – Knattspyrnuáhugamaður  
Hvað meinarðu? Reiður? Ertu ekki enn búin að læra að gera greinarmun..

HÚN - Dansmærin  
Ég er að tala um þig.

HANN – Knattspyrnuáhugamaður  
Hvaða bull er þetta? Ég er ekkert..  
*Þagnar.*

Það er hann sem gerir mig svo reiðan. Nei. Hann lætur mig vera svo reiðan. Eða..  
*Þagnar.*  
Finnst þér það?

HÚN - Dansmærin  
Hvað?

HANN – Knattspyrnuáhugamaður  
Finnst þér ég vera ofboðslega reiður.

HÚN - Dansmærin  
Já. Ég meina.. Af hverju er persóna, sem er ekki einusinni persóna, maður sem hefur ekki enn verið skapaður og hefur enga sögu, svona reiður?

HANN – Knattspyrnuáhugamaðurinn  
Ég veit það ekki. Ætli það sé ekki honum að kenna. Ég veit ekki hvaða tilgang hann hefur með því að hafa mig svona reiðan. Ef hann er almáttugur eins og almennt er talið ætti hann að geta gert alla fullkomna. En það gerir hann ekki, þvert á móti.

HÚN - Dansmærin  
Kannski er einhver tilgangur með því.

HANN – Knattspyrnuáhugamaðurinn  
Það efast ég um. Það er örugglega bara klúður.  
*Þögn.*

Kannski heldur hann mér hérna til að fá útrás fyrir eigin reiði.

HÚN - Dansmærin  
Nei. Það myndi hann aldrei gera.

HANN – Knattspyrnuáhugamaðurinn  
Vegir hans eru órannsakanlegir.

HÚN - Dansmærin  
Ertu viss um að hann sé karl?

HANN – Knattspyrnuáhugamaðurinn  
Hver?

HÚN - Dansmærin  
Hann auðvitað.

HANN – Knattspyrnuáhugamaðurinn  
Ég sagði það ekkert.

HÚN - Dansmærin  
Þú sagðir: Vegir hans eru órannsakanlegir.

HANN – Knattspyrnuáhugamaðurinn  
Maður tekur bara svona til orða.  
*Þögn*  
Jú. Auðvitað er hann karl.

HÚN - Dansmærin  
Af hverju er það svona sjálfsagt?

*Höfundurinn færir Henni drykk og mímar næsta tilsvor með Honum*

HANN – Knattspyrnuáhugamaðurinn  
Heyrðu! Hef ég ekki séð þig einhversstaðar áður?

HÚN - Fyrirsæta  
Vertu ekkert að þykjast kannast við mig  
Hvaðan er þessi eiginlega?  
Úr endurvinnslunni?

Hei..  
það er óþarfi að verða svona sár..  
er ekki nóg af öðrum stelpum hérna?..

Meinarðu það..  
þú ert ekki bara..  
Okei. Það getur vel verið að þú hafir séð mig áður  
Í sjónvarpinu kannski..  
Nákvæmlega. "Þessir eilífu blettir í lakinu. Þeir fóru ekki úr fyrr en ég byrjaði að nota  
Veritas. Og nú nota ég alltaf Veritas"..  
Já, mér finnst hún frábær líka.

Ég var mest á Ítalíu þegar ég var í þessu  
Það er allt alveg geðveikt gamalt þar  
Ég meina..  
Í Róm, þar er allt ógeðslega gamalt skilurðu  
Sko. Hérna er hús alveg ógeðslega geðveikt gamalt ef það sé orðið hundrað ára. En í  
Róm eru hús og götur sem voru til þegar Pétur postuli var þar. Það er sko geðveikt  
gamalt..  
Já nákvæmlega.. hann í biblíunni..  
Já. Sá Pétur: Legg þú á djúpið og allt það

Það er meira að gera í Mílanó en Róm er miklu betri  
Karlarnir eru frekari í Mílanó. Þeir eru alveg ógeðslega..  
Ég meina..ekkert smámikið. Einn var alveg ógeðslega...

Sko. Hann átti að keyra okkur og svoleiðis og hélt að hann væri eitthvað rosalegur. En var það bara ekki. Bara.. alls.. alls.. ekki. Bara eitthvað ógeðslega eitthvað hallærislegur og hélt hann væri eitthvað meiriháttar kúl en var bara verulega önn kúl, skilurðu. Ókei. Einusinni kemur hann upp á herbergið mitt og bankar og hann bara alveg: Haaaaæ. Hann átti ekkert að sækja mig eða neitt svo ég bara: Oj. Og hann alveg: Haaaa? Alveg geðveikt hissa: Ætlarðu ekki að totta mig? Og ég bara: (*Stingur puttum í kokið*) Öööhhh! Ókei. Hann alveg: Kva? Ertu að meina þetta? Og ég bara: Jaaaá. Og hann alveg: Oohhh! Tíkin þín. Alveg ógeðslega geðveikt

Það fær sko enginn að kíkja í möppuna mína ef hann sé ekki í lagi og það eru bara svo geðveikt margir sem eru ekkert í lagi í þessu fagi  
Það eru ógeðslega margar hættur fyrir ungar stelpur  
Alveg geðveikt margar

Ég er að vinna..

á kassa

“Viltu afritið?”

Það er alveg geðveikt leiðinlegt

Það er allt búið ef maður sé orðin átján og farin að líkjast konu..

Nákvæmlega. Hvers virði er fegurðin ef maður virkilega þælir í því skilurðu?..

Maður gæti auðvitað fengið einhver kerlingadjobb en það eru svo mörg fyrrverandi módel skilurðu?..

Hugsaðu þér, að vera átján og íðilfögur og ekkert á milli þín og dauðans nema nokkrar myndir í litprentuðum bæklingi frá Hagkaup eða Húsasmiðjunni..

Það er ógeðslega fúlt maður

Ég væri ekki í þessari vinnu nema út að því að þetta sé allt svart svo ég missi ekki bæturnar..

En það var karl að segja að hann gæti kannski notað mig í auglýsingu

Orkudrykkur - Sanitas eða eitthvað svoleiðis

Af því ég sé þessi helþí típa, skilurðu

Guð.. ég vona það

Það er miklu betra en þvottaefnið þó það sé auðvitað fínt svona út af fyrir sig

Heyrðu!

Það var gaman að tala við þig

Og fyrirgefðu..

En þú verður að gea eitthvað í pikköpplínunum þínum´

Ég meina.. það er engin verri

Nema kannski:

Kemurðu oft hingað?

HÖFUNDUR

**cm7**

hversvegna hversvegna hversvegna

**gm**

hversvegna

**am**

voru það stelpur? hlýtur að vera

**Bb**

ekki voru það peningarnir

**cm7**

eða þægileg innivinnan

hvað var það aftur?

leit að fegurð

sannleika og fullkonnun

eilífu lífi eða bara

frægð og frama?

við hverju bjóst ég eiginlega?

að verða elskaður og virtur

fá endalaus glös í boði hússins

og tott hjá húsfreyjunni?

æ ég veit það ekki

líklega öllu öðru

en þessu yfirþyrmandi

afskiptaleysi

HÚN - Fyrirsæta

Þegar við komumst í leikrit?

HANN - Stórkarl

Já.

HÚN - Fyrirsæta

Þegar við komumst í leikrit og verðum eitthvað?

HANN - Stórkarl

Já.

HÚN - Fyrirsæta

Hvað verður um okkur þegar þau hætta að sýna leikritið?

HANN - Stórkarl

Við erum ekki enn komin í leikrit.

HÚN - Fyrirsæta

Ég veit það alveg. En setjum sem svo að við komumst í leikrit. Hvað verður um okkur þegar þau hætta að sýna leikritið?

HANN - Stórkarl  
Ætli við hættum ekki líka.

HÚN - Fyrirsæta  
Hættum?

HANN - Stórkarl  
Deyjum.

HÚN - Fyrirsæta  
Deyjum?

HANN - Stórkarl  
Hættum að vera til.

HÚN - Fyrirsæta  
Er þá bara allt búið?

HANN - Stórkarl  
Ef leikritin eru sýnd aftur þá lifnum við á ný. Stígum upp frá dauðum.

HÚN - Fyrirsæta  
Eru leikritin hans sýnd aftur?

HANN - Stórkarl  
Ég veit það ekki. Eiginlega stórefa ég það.

HÚN - Fyrirsæta  
Er það?

HANN - Stórkarl  
Já..

*Þagnar*

Taktu þetta ekki nærri þér. Ég hugsa að maður viti ekki einusinni af því.

HÚN - Fyrirsæta  
Kannski lifnum við aftur sem aðrar persónur, í öðrum leikritum.

HANN - Stórkarl  
Eitt dygði mér alveg. Allt er skárri en þetta.

HÚN - Álitsgjafi  
Erum við bara þau gervi sem hann lætur okkur setja upp? Er líf okkar ekki annað en þeir leikmunir sem safnast upp hjá okkur og við burðumst með frá vöggu til grafar?

HANN - Söngvari  
Veistu hvað? Stundum held ég að það sé enginn við stjórnvölinn. Að alheimurinn sé einn allsherjar óskapnaður og óreiðan sé eðlilegt ástand..

HANN - Sjómaður  
 Ég var ekki fæddur þarna  
 vanur hafinu  
 víðáttunni  
 frelsinu  
 fannst alltaf eins og  
 þessi andskotans fjöll  
 væru að hrynja yfir mig

Ég var að koma að sunnan  
 á leiðinni norður  
 allar rútur stoppuðu þar  
 þá  
 það breyttist eftir að nýja brúin kom

Ég átti víst pláss á síldarbát  
 ákvað að gista nóttina  
 hitti unga stúlku og fór með henni út í móa  
 þegar rútan hélt áfram varð ég eftir  
 fór aldrei aftur á sjóinn  
 afgreiddi bensín og olíu  
 bætti dekk og sópaði  
 á meðan það entist

Hún var svo falleg að manni varð illt  
 menn sneru sig úr hálsliðunum  
 þegar hún gekk hjá  
 það var eitthvað tryllt og óhamið við hana  
 og menn fundu hjá sér knýjandi þörf  
 til að komast yfir hana  
 Ég stóð í stöðugum slagsmálum

Konur eru undarlegar skepnur  
 þær leiða þig burt um nótt  
 og eru svo fallegar að maður fær hnút í magann  
 En hvert eru þær að fara með þig?  
 Hvað eru þær að vilja?

Þær ætla að sýna þér  
 hverskonar andskotans aumingi þú ert

Íslenskar konur  
 ég þekki þær  
 Álfkonur  
 huldumeyjar  
 sem sofa hjá þér  
 giftast þér  
 eignast með þér börn



og botnlausar skuldir  
 jarða þig á endanum  
 (yfirleitt)  
 En hefurðu kynnst þeim?  
 Þekkirðu þær?  
 Andskotinn hafi það  
 þú ert sama fíflað og þú varst  
 þegar þær leiddu þig burt um nótt

Það er ekki hægt að rökraða við þær  
 um leið og þú opnar munninn  
 kemstu að því að þú ert hálfviti  
 þær tala við þig í sama tóni og börnin  
 og ef þú berð í borðið  
 fjarlægja þær allt brothætt  
 Þær ansa engri vitleysu  
 því þær eru álfkonur

Ég fyrirgef henni aldrei  
 að hún skyldi fara á undan mér  
 Því hvað er ég núna?  
 Hvað er ég eiginlega?  
 Forngripasafn - fullt af minningum  
 net sem hefur slitnað upp  
 en heldur áfram að veiða  
 í tilgangsleysi  
 drauganet

Drauganet  
 í elliblokk  
 fyrir sunnan

**HÖFUNDURINN**  
**em F em F**  
 ef það væri hægt  
 að draga sig í hlé  
 frá sjálfum sér  
 væri það sjálfsagt best

**am hm am hm**  
 þeir hata mig allir  
 andskotans elítan  
 liðið á laununum  
 styrkþegarnir  
 ríkisómagarnir  
 þar sem þeir híma  
 drulluhræddir  
 um að ég verði  
 óþægilegur

**em F em F**

heilagur andi  
í plássinu þeirra  
við kjötkatlana

HÚN - Djókari

Ég vil verða eitthvað.

HANN - Sjómaður

Eitthvað verðurðu. Á endanum. Vonandi.

HÚN - Djókari

Núna. Ég vil verða eitthvað núna.

HANN - Sjómaður

Þú ræður nú litlu um það.

HÚN - Djókari

Ég bið um það.

HANN - Sjómaður

Biður um það?

HÚN - Djókari

Já. Ég bið hann um það.

HANN - Sjómaður

Heldurðu virkilega að hann hlusti á þig? Heldurðu að hann svari þér?

HÚN - Djókari

Af hverju segirðu alltaf hann?

HANN - Sjómaður

Líttu á mig. Og líttu svo á sjálfa þig. Þú ert ung og fögur en ég er... Engin kona myndi gera annað eins skrípi og mig.

HÚN - Djókari

Þú verður að hjálpa mér.

HANN - Sjómaður

Ég? Hvernig?

HÚN - Djókari

Ég veit ekki hvernig ég á að ávarpa hann. Hana. Það.

HANN - Sjómaður

Geturðu ekki bara sagt: "Herra hann"?

HÚN - Djókari

Nei það er ekki nóg. Það verður að vera eitthvað meira en það. Svo get ég ekki sagt Herra hann ef hann er ekki hann.

HANN - Húsvörður

Hæstvirtí höfundur?

HÚN - Djókari

Það er dálítið gott. Ég prófa það.

*Ávarpar höfundinn*

Hæstvirtí höfundur. Ég vona að þú heyrir í mér. Hvernig læt ég, ég er sköpunarverk þitt, þú hlýtur að vita allt um mig, auðvitað heyrirðu í mér.

HANN - Húsvörður

Ég myndi ekki ganga út frá því vísu. Hann er kannski að vinna með aðrar persónur.

HÚN - Djókari

Góður höfundur hlýtur að hafa yfirsýn yfir persónurnar sínar.

HANN- Húsvörður

Ertu viss um að hann sé góður? Og að við séum þess virði?

HÚN - Djókari

Hættu nú að trufla mig.

*Ávarpar höfundinn*

Ég er þinn auðmjúkur þjónn...

HANN - Húsvörður

Þú þarft ekki að beygja þig alveg í duftið.

HÚN - Djókari

Víst þarf ég það. Ég verð að sýna honum virðingu, hann skapaði mig.

HANN - Húsvörður

Ég veit ekki hverjum hann gerði greiða með því. Varla þér.

HÚN - Djókari

Þegiðu!

*Ávarpar höfundinn*

Hlustaðu á bæn þíns auðmjúka þjóns.

*Bíður*

Heyrirðu í mér?

*Bíður*

Mér þætti mjög vænt um að fá staðfestingu á því ef þú heyrir í mér.

*Bíður*

Geturðu ekki gefið eitthvert merki?

HANN - Húsvörður

Hann heyrir ekki neitt.

HÚN - Djókari

Þó hann svari ekki þarf það ekki að þýða að hann heyri ekki. Kannski fara þessar efasemdir mínar í taugarnar á honum.

*Ávarpar höfundinn*

Kæri höfundur. Auðvitað heyrirðu til mín, ég þarf enga staðfestingu á því. Fyrirgefðu að ég skuli vera að trufla þig.

*Biður*

Ég sagði: Fyrirgefðu að ég skuli vera að trufla þig.

*Biður*

Það er dálítið sem mér liggur á hjarta.

*Biður*

Kannski þarf ég að tala hærra?

HANN - Húsvörður

Hvernig ætti ég að vita það? Ég hef aldrei vitað til þess að neinn reyndi að tala við hann.

HÚN - Djókari

Ég held ég geri það.

*Ávarpar höfundinn og hækkar róminn*

Það er dálítið sem mig langar til að biðja þig um.

HÚN - Djókari *hátt*

Ég vil biðja þig um að taka mig burt héðan. Ekki svo að skilja að ég sé að efast um tilgang þinn með því að halda mér hérna eða líki ekki staðurinn. Nei nei, ég er viss um að þú hefur góða og gilda ástæða fyrir því. Það er fínt að vera hérna, þakka þér fyrir, og félagsskapurinn ágætur, þessu er öllu mjög haganlega fyrir komið hjá þér.

HANN - Húsvörður

Ég gæti ælt.

HÚN - Djókari

Þegiðu!

*Ávarpar höfundinn og hækkar enn róminn*

En ég þrái það heitast að verða þáttur í höfundarverki þínu.

*Hærra*

Að uppfylla óskir þínar og gegna mínu hlutverki sem best

*Enn hærra*

Verða persóna sem gerði allt þér til dýrðar.

*Móðursjúk*

En til þess að geta það þarf ég að verða til!

*Æpir*

ÉG VIL FÁ HLUTVERK!

HÖFUNDURINN

Ha?

*Þögn. Höfundurinn lítur í kringum sig, hlustar af athygli en heyrir ekkert*

HANN - Húsvörður  
Er þér alveg sama hvernig hlutverk þú færð.

HÚN - Djókari  
Ég gleymdi því.  
*Ávarpar höfundinn. Hátt*  
Ég vil fá gott hlutverk.

*Höfundurinn lítur upp og hlustar. Hristir höfuðið*

HANN - Sjómaður  
Heldurðu virkilega að þetta beri einhvern árangur?

HÚN - Djókari  
Ég trúí því.

HANN - Sjómaður  
Trúir?

HÚN - Djókari  
Já.

HANN - Sjómaður  
Heldurðu virkilega að þetta sé svona einfalt?

HÚN - Djókari  
Já. Ef maður trúir.  
*Þögn*  
Gallinn við þig er að þú ert uppfullur af vitneskju en trúir ekki neinu.

HANN - Sjómaður  
Það er aldeilis að titturinn þenur sig.

HÖFUNDURINN  
**cm Bb cm cm**  
Ég yrki endalaus ljóð  
**cm Bb cm cm**  
og vindurinn ber þau á brott  
**cm gm Es fm cm**  
ég skrifa í ákefð í fátí ógáti  
**cm Bb cm cm**  
(ég) get ekkert að þessu gert

Ég yrki endalaus ljóð  
ætla þau minni þjóð  
í utanbókarlærdóm og endalaus leiðindi  
eftir að ég hverf á brott

Ég yrki alóþörf ljóð  
sem erekkert sérlega góð  
sem enginn vill lesa og enginn bað um  
skrifa fyrir skúffuna

Lífið er endasleppt ljóð  
fyrir vindinum er ekkert skjól  
þeir brjóta upp skúffunog blöðin mín senda  
beint í endurvinnslu

HÚN - Djókari  
Ég hef alltaf verið frekar létt á bárunni..  
afhverju ætli maður segi bárunni?  
allavega þá hef ég alltaf verið létt á bárunni  
þó ég hafi verið á..  
já þú veist það hefur ekki alltaf..  
en það er ekkert að marka að..  
ég meina  
hver þælir í..

Auðvitað getur maður ekki alltaf verið sterkur  
ég veit það en ég reyni að gera mitt besta  
það er bara það að stundum finnst manni maður bara vera að bresta  
og það er barasta alltaf kökkur í hálsinum á manni  
og maður veit að allt er að fara til andskotans  
eða eitthvert þaðan af verra  
eins og það sé ekki nógu slæmt með skuldirnar  
og ástandið svona yfirleitt  
og mann langar mest til að gráta úr sér augun  
og henda sér fram af einhverju nógu háu...  
nei djók.. .

Auðvitað hefur maður það ekkert verra  
en hver annar og ég veit að sumir hafa  
það þannig að ég vildi ekki skipta við þá  
fyrir nokkurn pening en ef til vill hafa þeir  
það þrátt fyrir allt betra en ég því þeir  
vita þó hvað þeir hafa og  
geta þó allavega viðurkennt að þeir..  
nei djók..

Auðvitað hefur maður það helvíti fínt  
Siggi með góðar tekjur og ég skúra  
hjá tannsmiðnum og það er allt svart  
svo ég veit ekki hvað það gæti verið betra  
en Siggi er nú eins og hann er  
svona ógeðslega vinsæll og  
alltaf hress og hvers manns hugljúfi  
þó hann geti verið dálítið uppstökkur stundum

og laus höndin..  
nei djók..

Auðvitað er það bara stundum sem hann getur ekki..  
og ég bara einhvern veginn geri aldrei neitt rétt  
allavega ekki eins og hann vill hafa það  
og þá bara áður en hann veit af  
hann ætlar sér það aldrei  
hann er ekki vondur maður hann Siggi  
hann bara einhvernvegin missir sig  
og lætur mig hafa það  
og þegar hann er orðinn þreyttur á því  
þá getur hann og..  
nei djók..

En allavega  
auðvitað veistu að ég hef alltaf verið létt á því  
þú veist  
á bárunni  
hehehe  
og getað djókað með allt  
ég meina ef maður getur ekki djókað  
þá er nú illa komið fyrir manni  
þá er eiginlega allt búið  
og maður getur bara lagst á beit í lyfjaskápnunum  
og liðið út af eins og engill  
ef maður getur ekki sagt eitthvað  
án þess að allir taki mark á manni

*Hún gengur í burtu. Stansar og snýr til áhorfenda*

HÚN - Djókari  
Djók!

*Hún fer*

HANN - Sjómaður  
Titturinn farinn. Það virkaði. Hann heyrði til hennar. Hann heyrði til hennar þó hann  
gæfi henni ekki það sem hún vildi.

HÚN - Álitsgjafi  
Af hverju léstu hana fara á undan mér? Ég er búinn að bíða svo lengi; miklu lengur en  
hún.

HANN - Knattspyrnuáhugamaður  
Jæja farðu þá, titturinn þinn. Alltaf eru það viðvaningarnir sem komast áfram.

HANN - Söngvari

Bölvaðir séu þeir strengir sem ég hangi í, ég get ekki hamlað gegn heimsku skapara míns sem hefur ekki getu eða hugrekki til skapa heim með einhverri sanngjarnri reglu.

HÚN –Gugga systir

Ég var farinn að kunna ágætlega við hana

HÚN - Álitsgjafi

Ég er búinn að bíða svo lengi.

*Höfundurinn gengur til Hans og virðir hann fyrir sér*

HANN - Húsvörður

Að hrökkva eða stökkva – það er spurningin  
Hvort er betra að sitja öruggur í konungsríki músarholunnar  
eða sigla þann sæ sem liggur til glötunar eða gæfu  
Við getum klætt hugleysi okkar í skrautlegan dulbúning  
Kallað það samviskusemi, tillitssemi eða nærgætni  
Réttlætt það að vera kyrr  
í stað þess að leggja á djúpið og veiða kynlega fiska  
Gefa fólki enga átyllu til árásar  
Taka tveim fingrum um rassgatið á sér  
og draga það upp yfir höfuðið  
Hverfa  
Hverfa  
Hverfa.

HÚN - Dansmær

Hann hefur verið að refsa henni

HANN - Stórkarl

Fyrir frekjuna og tilætlunarsemina

HÚN - Álitsgjafi

Sjáðu mig

Ég er alveg róleg

Ég er ekki að heimta neitt

HANN - Húsvörður

Það er engin virðing fyrir neinu lengur. Ha?!  
Menn strá bara öskunni hvar sem er og drepa í á gólfinu  
Fleygja tyggjóinu á stéttina og troða það niður  
Og krakkaskrattarnir, síhrækjandi  
mér þætti gaman að vita hvort þau gera það heima hjá sér. Ha?!  
Eru börn ekki alinn upp lengur? Ha?!  
Mig langar bara til að vita það

Hvað er eiginlega að verða um þennan heim? Ha?!

Ég get bara sagt þér það að ef ríkið borgaði mér meira



en þessar hraksmánarlegu bætur  
sem hvorki er hægt að lífa né deyja af  
þá myndi ég ekki vinna hérna. Ha?!  
Nei  
Þá væri sjálfsagt einhver útlendingur hérna  
að skrúbba skítinn undan þessu pakki. Ha?!

Svo er manni skammtaður skítur úr hnefa  
fyrir þetta  
skítur úr hnefa  
skilurðu það?

Ég ætti eiginlega að vera fluga  
og éta skít  
og líka það vel

Það er allt að fara til andskotans  
allt til andskotans..

En mér má vera sama  
ég stend einn  
og ber ekki ábyrgð á neinum  
því enginn elskar mig  
auðvitað lítur engin við mér  
á mínum launum  
og ef ég ætti að gera eitthvað í því  
þá yrði ég að panta eina í póströfu  
að austan

Maður þarf að vera stórþjófur  
til að hafa efni á íslenskum kvenmanni  
en ég hef aldrei haft hug til að stela stórt  
og þessvegna...

Sko  
ef þetta fína lið lendir í einhverjum leiðindum  
þá er það bara annus terribilis hjá því  
en það er sko ekkert nýtt fyrir okkur  
það eru ekki einusinni tvö N hjá okkur  
það er bara anus terribilis  
sko  
þetta gengur allt útá að láta taka sig í görnina  
það vill bara þannig til að ég er listam.. öryrki  
og veit hvenær er verið að taka mig í rassgatið...

Ég ætti bara að vera hommi  
og vera tekinn í rassgatið  
og líka það vel

Og til að verjast okkur  
þá erum við alin upp í því  
að öll dýrin í skóginum eigi að vera vinir  
öllu lukkudýrin í djöfulsins laufskóginum eiga að vera vinir  
öll dýrin í fjármálafrumskóginum eiga að vera fokkings vinir  
og bíða bara spennt eftir því að vera tekin í...  
Ég ætti að vera hommi  
og líka það vel...

Nei annars  
ég hef engan áhuga á asískri  
það á ekki við mig  
Því skildi ég drösla einhverri kerlingu  
yfir hálfan heiminn  
til að koma mér upp nýjum misskilningi?  
Nóg er nú samt

Adolf gerði eitthvað rétt þar  
að halda þessu aðskildu  
í stað þess að blanda saman fullt af fólki  
sem skilur ekki hvert annað  
svo allt fari endanlega til andskotans

Aumingja Adolf  
þeir fóru illa með hann í akademíunni  
það eina sem hann langaði til  
var að verða listamaður  
skapa

Einhver ætti að segja sögu hans  
einhver sem hefur samúð með sögupersónunni  
einhver sem þorir að skoða manninn  
án þess að nota lituð sjóngler sögunnar

KALLARARÖDD - Höfundur  
Adolf Schickelgruber frá Braunau  
Þjóðverji  
Kaþólskur  
Faðirinn tollheimtumaður  
Prófteikning ekki fullnægjandi.

HANN - Húsvörður  
Við hverju var að búast með önnur eins viðfangsefni:  
1. Adam og Eva rekin úr paradís  
2. Viðburður úr syndafallinu  
3. Kainn drepur Abel  
Öll viðfangsefnin voru júðsk eins og dómarnir  
En hann gafst ekki upp

og fór í annað sinn

KALLARARÖDD - Höfundur  
 Adolf Schickelgruber frá Braunau  
 Þjóðverji  
 Kaþólskur  
 Faðirinn tollheimtumaður  
 Var ekki leyft að gangast undir próf

HANN - Húsvörðurinn  
 En hann gafst aldrei upp  
 Hann slepti allri skólagöngu og byrjaði að mála  
 og eins og við var að búast varð hann fyrir barðinu á gagnrýnendunum  
 þessum mönnum sem lifa eins og sníklar á listamönnum  
 og eru jafnforheimskir og aðrir sníklar  
 kunna sér ekki hóf  
 og grafa undan eigin tilveru  
 því þeir hætta ekki fyrr en hýsillinn er dauður.

SJÁLFSÁNÆGJULEG GAGNRÝNISRÖDD - Knattspyrnuáhugamaður  
 Öll myndbygging herra Schickelgrubers er með eindæmum stirðbusaleg. Þetta kemur  
 ef til vill ekki að sök þegar máluð eru hús eða tré í logni en þegar herra Schickelgruber  
 ætlar að mála fólk fer að vandast málið. Því allar hans myndir af fólki eru eins og það  
 sé ekkert líf í því, sem er afskaplega bagalegt þegar fólk á í hlut. Sé herra  
 Schickelgruber þeirra skoðunar að það sé aukaatriði hvort fólk er lifandi eða ekki ætti  
 hann að snúa sér að einhverju öðru. Eins og til dæmis húsamálun.

HANN - Húsvörður  
 Engin trúir almennilega á mann nema mamma  
 Aumingja mamman hans Adólfs  
 sem þoldi ekki mótlætið sem sonurinn varð fyrir  
 og sprakk úr harmi.

*Hann, hún og Höfundurinn smella fingrum í takt*

HANN - Húsvörðurinn  
*Syngur*  
 Ég skal mála yfir heiminn elsku mamma  
 eins og sólskin bjart og jafnt  
 Þó dimmi að með daga kalda skamma  
 dagar þínir verða ljósir allir samt  
 Litlu blómin sem þig langar til að kaupa  
 skal ég lita hér á teikniblaðið mitt  
 Ég skal mála allan heiminn elsku mamma  
 svo alltaf skíni ljós í húsið þitt

HÖFUNDURINN  
*Syngur*  
 Mamma ertu sorgmædd seg mér hvað er að

sjálfsagt get ég málað gleði yfir það  
ótal fagra liti á ég fyrir þig  
ekki gráta mamma - brostu fyrir mig

HANN, HÚN og HÖFUNDURINN

*Syngja*

Ég skal mála yfir heiminn elsku mamma  
eins og sólskin bjart og jafnt  
Þó dimmi að með daga kalda skamma  
dagar þínir verða ljósir allir samt  
Litlu blómin sem þig langar til að kaupa  
skal ég lita hér á teikniblaðið mitt  
Ég skal mála allan heiminn elsku mamma  
svo alltaf skíni ljós í húsið þitt

### **TJALDIÐ**

*(“Ég skal mála yfir heiminn elsku mamma” er vinsælt barnalag eftir Hinrik Bjarnason en textann gerði Iðunn Steinsdóttir. Lagið er þarna vegna þess að það þjónar framvindunni betur en nokkuð annað sem höfundi datt í hug og vonar hann að það verði virt honum til vorkunnar að það er ekki frumsamið. B.Æ)*